

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2000 frá 25. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/1999 frá 1. desember 1999 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2166/1999 frá 8. október 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á vörum á heilbrigðissviði, fræðslusviði og sviði almannatrygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB, KBE, frá 8. september 1999 um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra eininga og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu, að því er varðar framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 307, 2.12.1999, bls. 46.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 266, 14.10.1999, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 245, 17.9.1999, bls. 51.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 9. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2645/98) í XXI. viðauka við samninginn:

„**399 R 2543:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/1999 frá 1. desember 1999 um landa- og svæðaflokkun í hagskýrslum um utanríkisverslun bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. EB L 307, 2.12.1999, bls. 46).“

2. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 19h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1617/1999) í XXI. viðauka við samninginn:

„19i. **399 R 2166:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2166/1999 frá 8. október 1999 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á vörum á heilbrigðissviði, fræðslusviði og sviði almannatrygginga í samræmdri vísitölu neysluverðs (Stjtið. EB L 266, 14.10.1999, bls. 1).

19j. **399 D 0622:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. september 1999 um meðferð á endurgreiðslum virðisaukaskatts til ógjaldskyldra eininga og gjaldskyldra eininga vegna starfsemi sem nýtur undanþágu, að því er varðar framkvæmd tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtið. EB L 245, 17.9.1999, bls. 51).“

3. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2543/1999, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2166/1999 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/622/EB, KBE, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner